Nr. 3.
15.
febrúar.

Lög

um

auðkenni á eitruðum rjúpum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rjúpur, sem eitraðar eru til eyðingar refa, skal auðkenna þannig, að hægri vængurinn sje stýfður til hálfs.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 20 – 200 kr., er renna hálfar til landssjóðs og hálfar til uppljóstrarmanns.

3. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn 1. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 15. febrúar 1895.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Nr. 3.
15de
Febr.

Lov

om

Mærker paa forgiftede Ryper.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ryper, som forgiftes til Udryddelse af Ræve, skulle gøres kendelige ved Bortskæring af Halvdelen af den højre Vinge.

§ 2.

Overtrædelser af § 1 anses med Bøder fra 20—200 Kr., der tilfalde Landskassen med det halve og Angiveren med det halve.

§ 3.

Sager i Anledning af Overtrædelser af § 1 behandles som offentlige Politisager.

Hvoreſter alle vedkommende ſig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 15de Februar 1895.

Ministeriet for Island, den 15de Februar 1895.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.